



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

HÚSA3HU09

Kennari	Gunnar Valdimarsson, gunnarvald@fss.is Bjarki Ásgeirsson, bjarki.asgeirsson@fss.is	
Viðtalstími	Gunnar, fimmtudaga 10:20-11:00 Bjarki, þriðjudagar 9:20-10:20	
Námsefni	Teikningar og ýmis gögn frá kennara	
Áfangalýsing	Í áfanganum er kennd smíði staðbyggðra timburhúsa með áherslu á undirstöður, burðar- og milliveggi. Farið er í klæðningu, einangrun, uppsetningu glugga, hurða, stiga og innréttinga auk almenns frágangs. Meðal þess sem tekið er fyrir er útfærsla einstakra byggingarhluta, efnisval og staðsetning á stoðum og hvernig á að koma fyrir einangrun og rakavörn. Áfanginn er að mestu verklegur þar sem nemendur fá þjálfun í almennum verkþáttum húsasmíða eins og meðferð áhalda og tækja, notkun smíðisfestinga, yfirborðsmeðferð, öryggis- og gæðamálum m.m. Áfanginn er á námsbraut í húsasmíði og lögð er áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfni til að vinna með öðrum í hóp	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Virkni í tímum Samvinna með öðrum nemendum Vinnubrögð við smíði og útfærslu teikninga Ná þarf að lámarki 4,5 í einkunn til að ná áfanganum	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Virkni í tímum	40%
	Vinnubrögð og smíði	30%
	Skil á vikuskýrslum	15%
	Greinagerð um byggingu	15%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Bent er á mætingareglur sem og aðrar skólareglur FS og að nemandi virði þær	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Í verklegum hluta áfangans er verkefnum er ekki skipt upp í vikuáætlun þar sem veður og aðrar ástæður geta valdið því að sú áætlun gengur ekki upp. Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á áætluninni og láta þá nemendur vita af þeim.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • uppbyggingu berandi timburveggja • smíði gólf- og hæðaskila í timburhúsi • uppbyggingu eldvarnarhólfa • stífingu timburhúsa • yfirborðsmeðferð smíðaviðar • mismunandi undirstöðum fyrir timburhús • algengum útfærslum á undirstöðum (úr steini og tré) • festingum gólfvirkis við sökkul- eða súluundirstöður • stífingu og afréttingu gólfbita • stífingu á grindarveggjum, staðsetningu stoða og festingar • algengustu útfærslum á loftræstum timburklæðningum á útveggi • uppsetningu á vindvörn og klæðningagrind og reglur um loftun • frágangi á borðaklæðningum í kringum veggop og á hornum og brúnum • uppsetningu lagnagrindar og afréttingu hennar • gólfklæðningum á gólfbita með tréborðum og gólfplötum • yfirborðsmeðferð timburs • hvernig á að smíða og setja upp verkpalla og fallvarnir • smíði steypumóta fyrir stiga • eiginleikum og notkunarviði algengra burðar- og klæðningakerfa • mismunandi festingakerfum og afréttingu þeirra • áhöldum og tækjum sem notuð eru við uppsetningu grindar og klæðningar • muninum á hefðbundnum steypumótum og flekamótum • smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • smíða gólfvirki og hæðaskil með hliðsjón af kröfum um styrkleika, einangrun og eldvarnir • greina algengar útfærslur á undirstöðum úr steini og tré • greina helstu aðferðir og efni til að verja tré gegn fúa og veðrun • ganga frá hurðum og gluggum í timburhús • velja áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka tréundirstöður í rétta hæð fyrir dregara og stífa af • smíða léttu innveggi og berandi útveggi úr tré • smíða léttu innveggi og berandi útveggi með hliðsjón af kröfum um styrkleika, einangrun og eldvarnir • smíða þakvirki úr timbri og klæða með algengustu efnum • smíða þakvirki og klæða í samræmi við kröfur um styrkleika, einangrun og eldvarnir • klæða útveggi með liggjandi og standandi timburklæðningu • klæða útveggi með borðaklæðningu í samræmi við kröfur um styrkleika, einangrun og eldvarnir • einangra og klæða gólf og vegg innanhúss • koma einangrun fyrir og ganga frá rakavarnarlagi • setja upp útihurðir og glugga, glerja og ganga frá bæði að utan og innan • stilla af karma og festa með tilheyrandi þéttingum • glerja og ganga frá með tilheyrandi listum, áfellum og gerektum • setja upp innréttingar og tréstiga og ganga frá listum í kverkar m.m. • koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót	

Tímasókn	16 vikur x 8 klst.	128 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 8 tímar x 20 mín	43 klst.
Vikuskýrslur	16 x 2 klst.	32 klst.
Greinagerð um byggingu	16 klst.	16 klst.
Alls		219 klst. = 9 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Grundun húss og gert klárt fyrir byggingu Teikningar kynntar og smíði hefst	
2. vika 28. ágúst - 1. september	Dregarar og gólfbitar settir út	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 1
3. vika 4. - 8. september	Dregarar og gólfbitar settir út Veggjagrindur smíðaðar	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 2
4. vika 11. - 15. september	Veggjagrindur reistar og klæddar vindvarnarlagi (krossvið)	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 3
5. vika 18. - 22. september	Vindvörn kláruð og sperrur sagaðar og reistar	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 4
6. vika 25. - 29. september	Sperrur klæddar og þakjárn sett á þak	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 5
7. vika 2. - 6. október	Gluggar settir í og stilltir af, loftunargrind sett á útveggi	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 6
8. vika 9. - 13. október	Gólf einangrað og rakavörn sett auk gólfklæðningar Smíði þakkants lokið	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 7
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Loftun sett í þak og hús einangrað og plastað (rakavörn)	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 8
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Lagnagrind sett upp	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 9
11. vika 30. október - 3. nóvember	Byrjað að klæða hús að innan	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 10
12. vika 6. - 10. nóvember	Klæðning á veggjum	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 11
13. vika 13. - 17. nóvember	Innveggir settir upp og klæddir	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 12
14. vika 20. - 24. nóvember	Innveggir klæddir	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 13
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Innveggir klæddir Frágangur á ýmsum liðum / lokafrágangur	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 14 Skil á greinageð um byggingu
16. vika 4. - 7. desember	Lokafrágangur á húsi	Skil á vikuskýrslu fyrir viku 15 og 16

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnar Valdimarsson

Bjarki Ásgeirsson